

LÍFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLANS
FJÖLRIT NR. 51

LÍFRÍKI Í LEIRUM Í LEIRUVOGI
OG VIÐ BLIKASTAÐI

Agnar Ingólfsson

UNNIÐ FYRIR VERKEFNISSTJÓRN SUNDABRAUTAR

Reykjavík 1999

Efnisyfirlit

	bls.
Útdráttur	1
1. Inngangur	3
2. Aðferðir	4
2.1. Leiruvogur	4
2.1.1. Athuganir 1981	4
2.1.2. Athuganir 1998	5
2.2. Blikastaðaleira	5
2.2.1. Athuganir á árabílinu 1971 – 1997	5
2.2.2. Athuganir 1998	6
2.3. Tölfræðileg úrvinnsla	6
3. Niðurstöður	8
3.1. Leiruvogur	8
3.1.1. Athuganir 1981	8
3.1.1.1. Þekjumælingar og talningar	8
3.1.1.2. Sýni af 50 x 50 cm reitum	8
3.1.1.3. Sýni af 20 x 20 cm reitum	8
3.1.1.4. Dósarsýni	10
3.1.2. Athuganir 1998	11
3.1.2.1. Þekjumælingar og talningar	11
3.1.2.2. Sýni af 50 x 50 cm reitum	12
3.1.2.3. Sýni af 20 x 20 cm reitum	12
3.1.2.4. Sprautusýni	13
3.2. Blikastaðaleira	13
3.2.1. Athuganir frá 1971 – 1997	13
3.2.2. Athuganir 1998	14
3.2.2.1. Þekjumælingar og talningar	14
3.2.2.2. Sýni af 50 x 50 cm reitum	14
3.2.2.3. Sýni af 20 x 20 cm reitum	15
3.2.2.4. Sprautusýni	16
4. Ályktanir	16
4.1. Leiruvogur	16
4.2. Blikastaðaleira	17
5. Þakkir	18
6. Heimildir	18
7. Myndir 1 – 7	20
8. Tölur 1 – 7	28
9. Viðaukar A – I	36

Útdráttur

Rannsóknir voru gerðar á lífríki í leirum í Leiruvogi og við Blikastaði í tengslum við frummat og mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Sundabrautar. Tilgangur rannsókna var í meginráttum þrjúþættur:

- 1) að kanna hvers kyns lífríki er til staðar á svæðinu skömmu áður en til framkvæmda kemur og skapa þannig grunn að vöktun svæðisins eftir framkvæmdir,
- 2) að leggja mat á náttúruverndargildi viðkomandi svæðis, og
- 3) í ljósi niðurstaðna að leggja mat á áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Rannsóknirnar fólust að hluta í því að taka saman eldri gögn og að hluta í nýjum rannsóknum á leirunum. Í stuttu máli urðu niðurstöður þessar:

- 1) Leirur í Leiruvogi eru fjölbreyttar að gerð og mótast tegundasamsetning nokkuð að setgerð. Tegundasamsetning virðist ekki búa yfir miklum sérkennum og líkist því sem víða má sjá í leirum hérlendis. Það sem einkum einkennir smádýralíf leirunnar í Leiruvogi er mergð hins smáa burstorms *Manayukia aestuarina*, en þessi ormur hefur hérlendis aðeins fundist á nokkrum stöðum við innanverðan Faxaflóa. Samanburður á sýnum frá 1981 og 1998 benda til þess að nokkrar breytingar hafi orðið í lífríkinu á tímabilinu, og má hugsanlega rekja það til aukinnar skólpmengunar. Leirur í Blikastaðakró eru nokkuð einsleitar og liggja þær á mjög þröngu hæðarbili rétt ofan stórstraumsfjörumarka. Lífríkið er auðugt og setja einkum allstórvaxnar samlokur af nokkrum tegundum svip sinn á lífríkið. Rannsóknir á árunum 1971 – 1997 leiddu í ljós umtalsverðar sveiflur í magni sumra tegunda, en flestar tegundir sýndu ekki kerfisbundnar breytingar með tíma.
- 2) Náttúruverndargildi smádýralífs leira í Leiruvogi getur ekki talist sérstaklega mikið. Við endurbætur á skólpmálum svæðisins má þó búast við að leirurnar verði fýsilegri til náttúruskoðunar en nú er. Útivistar- og fræðslugildi Blikastaðaleiru er hins vegar ótvírætt. Hún er nærri þéttbýli, aðgengileg og auðveld yfirferðar. Ríkjandi tegundir eru margar hverjar stórvaxnar. Leiran hefur verið notuð í líffræðikennslu við Háskóla Íslands frá upphafi slíkrar kennslu þar fyrir 30 árum.

- 3) Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á lífríki leira í Leiruvogi og við Blikastaði verða væntanlega ekki mikil ef fullum vatnskiptum verður haldið. Þó virðist sennilegt að set muni smásaman verða eitthvað fingerðara en nú er vegna aukins skjóls frá veginum. Búast má við að slík breyting hafi í för með sér einhverjar breytingar á tegundasamsetningu og hugsanlega aukningu á magni dýra. Verði skert vatnsskipti munu leirur minnka vegna minni sjávarfalla. Aðeins þarf litla skerðingu á vatnsskiptum til þess að koma í veg fyrir að leiran við Blikastaði komi nokkurn tíman upp úr fjöru, vegna þess hversu lágt hún liggjur. Aðgengi að leirunni gæti þá horfið, þótt ekki sé víst að tegundasamsetning svæðisins breytist mikið. Ekki er hér gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum á seltu innan vegar en lækkun á seltu hefur jafnan í för með sér fækkun tegunda.

1. Inngangur

Rannsóknir þær sem hér er greint frá eru þáttur í lífríkisrannsóknum, sem Líffræðistofnun Háskólans tók að sér fyrir Vegagerðina og Borgarverkfræðinginn í Reykjavík skv. samningi dags. 6. október 1997 í tengslum við frummat og mat á umhverfisáhrifum svonefndrar Sundabrautar. Umræddur þáttur nefnist í samningi “Lífríki leiru innan vegastæðis”.

Tilgangur rannsókna á lífríki vegna fyrirhugaðrar Sundabrautar er þrjúþættur:

- 1) að kanna hvers kyns lífríki er til staðar á svæðinu skömmu áður en til framkvæmda kemur og skapa þannig grunn að vöktun svæðisins eftir framkvæmdir,
- 2) að leggja mat á náttúruverndargildi viðkomandi svæðis, og
- 3) í ljósi niðurstaðna að leggja mat á áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Á árinu 1981 var gerð ítarleg úttekt á lífríki leiru innan við Gunnunes á vegum Líffræðistofnunar Háskólans. Samantekt gagna hefur hins vegar aldrei farið fram. Hér verður gerð grein fyrir aðferðum við öflun þessara gagna, og niðurstöðurnar teknar saman. Jafnframt verður gerð grein fyrir niðurstöðum úttektar, sem gerð var 1998 í því skyni að kanna hvort breytingar hafi átt sér stað síðan 1981. Þá hafa verið gerðar athuganir á lífríki í Blikastaðaleiru (Blikastaðakró) nærri árlega að haustlagi á tímabilinu 1971 – 1988 og auk þess á árunum 1993 og 1997 sem þáttur í kennslu í námskeiðinu sjávarvistfræði við líffræðiskor Háskóla Íslands. Frá þessum athugunum er greint í sérstakri skýrslu á ensku, “The macrofauna of the tidal flats at Blikastadir, southwestern Iceland, during a 27-year period” (Hin stærri dýr á leirum við Blikastaði, á suðvestanverðu Íslandi, á 27 ára tímabili), og hefur hún nú verið birt í Ritum Fiskideildar (Journal of the Marine Research Institute Reykjavík) (Agnar Ingólfsson 1999). Hér verður aðeins greint lauslega frá þessum athugunum og helstu niðurstöður teknar saman. Hér verður svo einnig fjallað um niðurstöður af úttekt á lífríki Blikastaðaleiru vorið 1998.

2. Aðferðir

Leirur innan vegarstæðis mynda tvö aðskilin meginsvæði. Annars vegar eru leirur í Leiruvogi sjálfum og hins vegar í Blikastaðakró, en á milli þessara svæða er Blikastaðanes. Leirur þessar eru nokkuð ólíkar og rannsóknarsaga þeira misjöfn, og verður því fjallað um þær að mestu sitt í hvoru lagi, en einnig gerður samanburður á þeim.

2.1. Leiruvogur.

2.1.1. Athuganir 1981.

Í 1981 voru lögð alls 8 snið (í reynd 7 snið og ein stök stöð), snið 1 – 8, á leirur í Leiruvogi (1. mynd). Sniðin voru bein og voru staðsett, að undangenginni forathugun, með tilliti til þess að sýnataka næði til mikils hluta breytileikans í umhverfinu. Þau voru því nokkuð mislöng. Stöðvar, auðkenndar með bókstöfum, voru staðsettar með reglulegu bili á sniðunum, alls 30, og var fjarlægð á milli stöðva yfirleitt 100 eða 150 m. Á hverri stöð var síðan eftirfarandi gert:

- (1) Þekja þörunga svo og kræklinga metin á 1 x 1 m reit eftir auganu að næsta prósentutug.
- (2) Set grafið upp úr 50 x 50 cm reit niður á 15 cm dýpi og setið síðan sigtað í virsigti með 8 mm möskva. Dýr sem eftir urðu í sigtinu voru færð í vinnustofu, sett í 70% ísóprópanólblöndu, svo og þörungar á reitunum. Þessir reitir voru staðsettir út við aðra hlið 1 x 1 m reits.
- (3) Set grafið upp úr 20 x 20 cm reit niður á 10 cm dýpi og sigtað með 1 mm sigti. Það sem eftir varð í sigti var flutt í vinnustofu og geymt í 70% ísóprópanólblöndu. Þessir reitir voru einnig staðsettir innan 1 x 1 m reits, við jaðar hans andspænis 50 x 50 cm reitnum.
- (4) Setkjarni til athugunar á smádyrum var tekinn með blikkdós að þvermáli 5.1 cm (flatarmál sýnis 20.4 cm²), sem þrýst var 5 cm ofan í setið. Kjarninn var geymdur í 70% ísóprópanólblöndu í vinnustofu. Við úrvinnslu voru sýnin sigtuð með 0.125 mm sigti.
- (5) Skráð var gróf lýsing á setgerð.

Í vinnustofu voru dýr skoluð af þörungum af 20 x 20 cm reitum með notkun 1 mm sigtis. Dýr úr öllum sýnum voru talin og greind eins og unnt var undir víðsjá.

2.1.2. Athuganir 1998.

Í apríl 1998 voru valdar samtals 12 stöðvar til skoðunar af þeim 30, sem kannaðar höfðu verið 1981. Áður en val stöðva fór fram voru gögn úr 20 x 20 cm reitum frá 1981 greind með TWINSPAN-greiningu (sbr. kafla 2.3.) í 4 meginhópa. Voru stöðvar síðan valdar þannig að a.m.k. ein stöð væri á hverju hinna 8 sniða, sem sett voru niður 1981 og að a.m.k. tvær stöðvar væru úr hverjum hinna fjögurra hópa, sem TWINSPAN myndaði á grundvelli tegundasamsetningar. Urðu eftirtaldar stöðvar fyrir valinu (sjá 1. mynd): 1B, 1D, 2A, 2C, 3B, 4A, 4C, 5B, 5D, 6B, 7A og 8C. Athuganir, sýnataka og úrvinnsla voru með sama sniði og 1981 að því undanskildu að í stað eins blikkdósarsýnis (þvermál dósar 5.1 cm, flatarmál sýnis 20.4 cm²) voru tekin 2 kjarnasýni með sprautuhólki (þvermál hólks 2.9 cm, flatarmál tveggja sýna 13.2 cm²) niður á 5 cm dýpi. Þá voru að auki tekin 2 sýni með þessum hólki niður á 10 cm dýpi til kornastærðargreiningar, en kornastærðargreining hafði ekki farið fram 1981. Kornastærðarsýnin tvö af hverri stöð voru sameinuð í vinnustofu. Þau voru skoluð margsinis með ísóprópanóli og þurrkuð við 80°C í 2 – 3 stundir. Þau voru síðan sett í Endecott kornastærðargreini með sigtastafla (möskvastærð sigta 4; 2; 1; 0,5; 0,25; 0,125 og 0,063 mm, grófasta sigtið efst, en botnlát undir) og hrist í 30 mínútur. Að því loknu var innihald sigta svo og botnláts vigtað.

2.2. Blikastaðaleira

2.2.1. Athuganir á árabílinu 1971 – 1997

Aðferðum er lýst í sérstakri skýrslu: “The macrofauna of the tidal flats at Blikastadir, southwestern Iceland, during a 27-year period” (Hin stærri dýr á leirum við Blikastaði, á suðvestanverðu Íslandi, á 27 ára tímabili) (Agnar Ingólfsson 1999). Hér verður skýrt frá aðferðum í stuttu máli aðeins.

Sýnataka fór fram í september eða október á árabílinu 1971 – 1997, í alls 16 skipti. Sýni voru tekin af sniðum, sem lágu þvert á leiruna (þ.e. stefnu frá landi til sjávar). Fjöldi sniða var misjafn milli ára og réðst fyrst og fremst af fjölda líffræðinema, sem þátt tóku í úttektinni. Flokka má snið í tvennt, þ.e. snið á vestanverðri leirunni, á svæði sem nefnt var A, og snið á austanverðri leirunni, svæði B. Stöðvar voru á reglulegu bili á sniðunum, og voru venjulega 50 eða 100 m á milli stöðva

Á hverri stöð var set grafið upp úr 20 x 20 cm reitum niður á 10 cm dýpi og voru reitir venjulega tveir á stöð. Setið var sigtað með 1.5 mm sigti fyrstu árin en með 1 mm sigti frá og með 1979. Fram að 1978 voru dýr tínd úr sigti á vettvangi en eftir það var allt sem eftir varð í sigti flutt í vinnustofu, og dýra leitað þar í hvítum bökkum.

Frá 1974 var jafnframt grafið upp úr tveimur 50 x 50 cm reitum á hverri stöð niður á 20 – 25 cm dýpi, og setið sigtað í 8 mm sigti. Dýr sem eftir urðu í sigtinu voru tínd úr á vettvangi.

Dýr voru talin og greind úr sýnum undir víðsjá í vinnustofu.

2.2.2. Athuganir 1998.

Hinn 28. apríl 1998 voru sett niður tvö snið þvert á leiruna, annað nefnt snið A (á svæði A) og hitt snið B (á svæði B) (sjá 1. mynd). Tvær stöðvar (stöðvar 1 og 2) voru á hvoru sniði, og 100 m á milli þeirra. Sýnatöku og úrvinnslu í vinnustofu var hagað eins og í Leiruvogi vorið 1998, og vísast til lýsingar hér að ofan í því sambandi.

2.3. Tölfræðileg úrvinnsla.

Sýni hafa verið flokkuð með svokallaðri TWINSPAN-greiningu (Hill 1979) á grundvelli einstaklingsfjölda dýrategunda. Er fjöldatölum þá fyrst log-umbreytt og síðan skipað í flokka. Hér hefur verið notast við 4 flokka. Fyrir 20 x 20 cm sýnin eru flokkarnir sem hér segir:

Flokkur 1: $\log(1+\text{fjöldi})/400 \text{ cm}^2 < 0,5$

Flokkur 2: $\log(1+\text{fjöldi})/400 \text{ cm}^2 \geq 0,5 - 0,9$

Flokkur 3: $\log(1+\text{fjöldi})/400 \text{ cm}^2$ 1,0 – 1,9

Flokkur 4: $\log(1+\text{fjöldi})/400 \text{ cm}^2 >2,0$

Fyrir dósarsýni voru flokkarnir:

Flokkur 1: $\log(1+\text{fjöldi})/20,4 \text{ cm}^2 < 1,0$

Flokkur 2: $\log(1+\text{fjöldi})/20,4 \text{ cm}^2$ 1,0 – 1,9

Flokkur 3: $\log(1+\text{fjöldi})/20,4 \text{ cm}^2$ 2,0 – 2,9

Flokkur 4: $\log(1+\text{fjöldi})/20,4 \text{ cm}^2 >3,0$

TWINSPAN flokkar fyrst sýnin eftir skyldleika, en síðan tegundir á grundvelli flokkunar sýna. Fæst þannig tafla þar sem stöðvum er raðað eftir skyldleika frá hægri til vinstri, en tegundum eftir búsvæðum (magni í sýnum) niður. TWINSPAN skiptir öllum sýnum í tvo hópa þannig að hver hópur sé sem greinilegast afmarkaður frá hinum á grundvelli tegundarsamsetningar (og oftast er fjöldi sýna í þessum hópum ekki jafn). TWINSPAN getur svo skipt hverjum hópi fyrir sig í tvo undirhópa og þannig áfram ef þurfa þykir, ef sýnin eru þá nægilega mörg og breytileiki þeirra nægilegur.

Svokölluð Detrended correspondence analysis (DECORANA) hefur verið notuð við röðun sýna eftir skyldleika í tegundasamsetningu. Leitast er fyrst við að raða sýnum á einn ás þannig að ólíkustu sýnin séu til endanna, en lík sýni í næsta nágrenni hvort við annað. Aðeins hluti breytileikans í sýnunum skilar sér á þennan hátt. Afgangur breytileikans er síðan tekinn og sýnum raðað á 2. ás á grundvelli hans. Þessu má svo halda áfram með því að bæta við ásum, en hér er látið duga að nota tvo ása, enda reyndust viðbótarásar bæta litlu við útskýrðan heildarbreytileika. Þessi greining var gerð með forritinu CANACO (ter Braak 1987).

Óparametrískar aðferðir hafa verið notaðar við samanburð sýna.

3. Niðurstöður

3.1. Leiruvogur

3.1.1. Athuganir 1981

Set á leirum í Leiruvogi er mjög misjafnt að gerð, eins og fram kemur í töflum 1 og 2, svo og í Viðauka I. Setgerð er allt frá því að vera gljúp leðja í grófan sand eða möl. Má því búast við verulegum breytileika í lífríki.

3.1.1.1. Þekjumælingar og talningar

Mælingar af tveimur sniðum, 1 og 5, hafa glatast, en mælingar af öðrum sniðum eru sýndar í Viðauka A. Nokkur dreif er af þörungum, en þekja þeirra er lítil. Ormaskán (skán í yfirborði leðju mynduð af pípum smárra burstaorma) er áberandi á sniðum 4 og 6. Töluverð dreif er af sandmaðki (*Arenicola marina*) víðast hvar.

3.1.1.2. Sýni af 50 x 50 cm reitum

Heildarniðurstöður eru í Viðauka B.

Niðurstöður sýna að talsvert er af kræklingi (*Mytilus edulis*) og sandskel (*Mya arenaria*), og má hafa það í huga hér að sandskelin er mjög stórvaxin tegund. Sandskeljar finnast í öllum TWINSPAN-hópum, sem skilgreindir verða á grundvelli 20 x 20 cm sýna hér á eftir, en þó síst í hópi IV. Fremur lítið er af sandmaðki (*Arenicola marina*) í þessum sýnum.

3.1.1.3. Sýni af 20 x 20 cm reitum

Heildarniðurstöður eru í Viðauka C.

Í TWINSPAN flokkun á 20 x 20 cm sýnum skiptast stöðvar í tvo meginhópa eins og sýnt er á 2. mynd. Hvorum hópnum um sig er síðan skipt og myndast þannig 4 hópar stöðva, I – IV. Tegundasamsetning þessara hópa kemur fram í töflu 3, og er hér gerð nokkur grein fyrir henni:

Hópur I. Hér lenda allar stöðvar á sniði 4, og er setgerð einkennd sem leðja á þeim öllum (tafla 1). Ríkjandi tegundir eru burstaormarnir *Scoloplos armiger*, *Polydora quadrilobata*, *Pygospio elegans*, *Fabricia sabella* og *Manauynkia aestuarina*, einnig ánar (Oligochaeta), rykmý (*Halocladius variabilis*) og kræklingur (*Mytilus edulis*).

Hópur II. Hér lenda þrjár af fjórum stöðvum af sniði 1 svo og tvær stöðvar af sniði 5. Tvær stöðvanna (1B, 1C) eru einkenndar sem kræklingstöðvar og tvær (5D, 5E) sem bólupangsstöðvar, en lýsingu á seti skortir. Á einni stöð (1D) er leðja (tafla 1). Ríkjandi tegundir eru flestar hinar sömu og í hópi I, en þessi stöðvahópur er sundurleitari. Heldur er minna að jafnaði af sumum burstaormum, svo sem *M. aestuarina* og *P. quarilobata*, en meira af þráðormum (Nematoda).

Hópur III. Alls eru 9 stöðvar í þessum hópi, þar á meðal allar stöðvar af sniðum 2 og 3 utarlega í voginum, en að auki stöð 5C. Seti er lýst sem sandi á öllum stöðvum (tafla 1). Mun minna er af flestum burstaormum en á stöðvum, sem lenda í hópum I og II, og vantar *P. quadrilobata* alveg. Lítið er af kræklingi og ekki fundust rykmýslirfur (*H. variabilis*). Einkennistegund þessara stöðva er marflóin *Pseudalibrotus littoralis*, sem fannst á þeim öllum, en ekki á öðrum stöðvum í Leiruvogi.

Hópur IV. Alls lenda hér 12 stöðvar. Eru það allar stöðvar af sniðum 6 og 8, sem eru innarlega í voginum, svo og eina stöðin af sniði 7, tvær af 5 stöðvum á sniði 5, og að auki stöð 1A. Á 6 þessara stöðva er seti lýst sem sandi/möl, á tveimur sem sandi, á þremur sem svartri leðju, og ein stöð er einkennd sem kræklingstöð (tafla 1). Tegundasamsetning er nokkuð sundurleit. Fremur lítið er af flestum burstaormum, en þó meira en í stöðvum úr hópi III. Mottumaðkur (*F. sabella*) er nokkuð algengur sem og lónapreifill (*P. elegans*). Marflær af ættkvíslinni *Gammarus* eru algengari en annars staðar. Einna skýrast greinast stöðvar í þessum hópi frá stöðvum í hópi III á fjarveru marflóarinnar *P. littoralis*.

Meðalþéttleiki dýra úr 20 x 20 cm sýnum á könnuðum stöðvum var 51.000/m²

Við DECORANA greiningu á þessum gögnum skýra fyrstu 2 ásarnir 22% af breytileika gagnanna (1. ás: 14.5%, 2. ás 7.5%), en aðrir ásar bæta litlu við. Í DECORANA riti með þessum tveimur ásum (3. mynd) sést að aðskilnaður milli hópa I-IV er ekki glöggur, einkum skarast hópar III og IV nokkuð.

3.1.1.4. Dósarsýni

Heildarniðurstöður eru í Viðauka D.

Við tvítekna TWINSPAN-flokkun á þessum gögnum myndast 4 mjög mistórir flokkar, I-IV. Flokkur III er stærstur og hefur honum því verið skipt einu sinni í tvo undirhópa (4. mynd). Tafla 4 sýnir tegundasamsetningu meginhópanna, og er hér gerð nokkur grein fyrir henni:

Hópur I: Þennan hóp myndar aðeins ein stöð, 1D, og greinist hún frá stöðvum í hópi II á því að hér vantar nokkrar tegundir og hópa, t.d. *Manayunkia aestuarina* og *Oligochaeta*.

Hópur II: Hér flokkast 9 stöðvar, þ.e. allar stöðvar á sniði 4, tvær af sniði 1, tvær af sniði 5, og að auki stöð 6C. Það sem sérstaklega einkennir þessar stöðvar er mikill fjöldi burstaormanna *Fabricia sabella* og *M. aestuarina*.

Hópur III. Þessum hópi er tvískipt. Í öðrum undirhópnum er tvær stöðvar af sniði 8 svo og stöðvar 1A og 5B. Í hinum undirhópnum er mikill fjöldi stöðva, 13 talsins: allar stöðvar af sniði 2 og 3, tvær stöðvar af sniði 5, tvær af sniði 8 og eina stöðin á sniði 7. Erfitt er að koma auga á nokkuð sem greinir þessa tvo undirhópa í sundur. Dýralífið er fremur fábreytt, þótt mikið sé oftast af ánum (*Oligochaeta*), botnlægum krabbaflóm (*Harpacticoida*) og þráðormum (*Nematoda*) eins og á öðrum stöðvum.

Hópur IV. Hér lenda 3 stöðvar, allar af sniði 6. Þær greinast einkum frá stöðvum í hópi III á því að meira er hér af burstaormunum *M. aestuarina* og *Eteone longa*.

Skipting TWINSPANS á dósarsýnum fellur ekki að öllu leyti saman við skiptingu þess á 20 x 20 cm sýnum frá þessum stöðvum. Þó falla allar sömu stöðvar í báðum tilvikum annað hvort í hópa I og II eða hópa III og IV með þeirri undantekningu að stöð 6C, sem er með þeim seinni þegar 20 x 20 cm sýnin eiga í hlut, lendir með þeim fyrri þegar dósarsýni eru flokkuð. Skipting sýna í hópa I og II eða í hópa III og IV er svo með nokkuð ólíkum hætti.

Meðalþéttleiki dýra í dósarsýnum á könnuðum stöðvum var 780.000/m².

3.1.2. Athuganir 1998

Tekin voru sýni af alls 12 stöðvum. Samkvæmt gögnum af 20 x 20 cm reitum frá 1981 flokkast þessar 12 stöðvar á eftirfarandi hátt í TWINSPAN-flokka þá sem greinir frá hér að ofan:

Hópur I: 4A, 4C

Hópur II: 5D, 1D, 1B

Hópur III: 2A, 2C, 3B,

Hópur IV: 8C, 6B, 5B, 7A

Miðgildi kornastærðar fyrir stöðvar 5B, 5D, 7A og 8C er frá 0,5 – 0,7 (grófur sandur, sbr. Brafield 1978). Fyrir stöðvar 2A og 2C eru miðgildi 1,2 – 1,4 (miðlungssandur), fyrir stöðvar 1B og 3B eru þau 2,3 – 2,4 (fínn sandur), og fyrir stöðvar 1D, 4A, 4C og 6B milli 3,1 – 3,6 (mjög fínn sandur) (tafla 2).

3.1.2.1. Þekjumælingar og talningar

Niðurstöður eru sýndar í Viðauka E, og eru í góðu samræmi við niðurstöður frá 1981 (Viðauki A).

3.1.2.2. Sýni af 50 x 50 cm reitum

Heildarniðurstöður eru í Viðauka F. Í töflu 5 eru sýndar niðurstöður af þessum 12 stöðvum frá árunum 1981 og 1998. Ekki verður séð að verulegur munur sé á milli þessara ára, en samanburður er erfiður vegna þess hversu fá dýrin eru, sem verða eftir í 8 mm sigti.

3.1.2.3. Sýni af 20 x 20 cm reitum

Heildarniðurstöður má sjá í Viðauka G.

Við DECORANA-greiningu á þeim 12 sýnum, sem tekin voru, kemur í ljós að 1. ás, sem skýrir 26% af breytileikanum, sýnir marktæka fylgni við miðgildi kornastærðar (Spearman Rank fylgnipróf, $r=0.70$, $P<0.01$). Breytileiki í tegundasamsetningu virðist því tengjast kornastærðardreifingu. Ekki er þó unnt að sjá greinileg tengsl einstakra tegunda við kornastærðardreifingu.

Í töflu 6 eru sýndar niðurstöðvur af þessum 12 stöðvum bæði frá árunum 1981 og 1998. Við athugun á þessari töflu verður ekki greindur verulegur munur milli þessara tveggja ára. Þó virðast fjöruflær af ættkvíslinni *Gammarus* hafa verið ívið algengari 1981 en 1998 (fyrir *G. oceanicus*: Mann-Whitney $U = 102$, $P=0.015$). Á hinn bóginn var burstaormurinn *Capitella capitata* nokkru algengari 1998 en 1981 (Mann-Whitney $U = 33.5$, $P=0.008$).

Við DECORANA greiningu á þessum 12 stöðvum bæði árin útskýrir 1. ás 16.7% af breytileikanum, 2. ás 8.0%, en aðrir ásar mun minna. Í DECORANA riti (5. mynd) sést að í flestum tilvikum er lítil munur á einkunnum á 1. ás, þegar árin tvö eru borin saman. Mestur munur kemur fram á stöð 7A, 1D og 4C. Ekki er heldur að jafnaði mikill munur á einkunnum stöðva á 2. ás, en mestur er hann þegar stöð 2A á í hlut. Ekki er unnt að greina neina kerfisbundna breytingu á einkunnum á 1. ás, en þegar 2. ás á í hlut eru einkunnir hærri 1998 á 12 stöðvum, en lægri á aðeins tveimur, og er þessi munur marktækur ($X^2=5.33$, $P=0.02$). Gæti þetta bent til hliðstæðra breytinga á mörgum stöðvum milli ára, þótt gögnin sýni slíkt ekki greinilega.

3.1.2.4. Sprautusýni

Heildarniðurstöður má sjá í viðauka F.

Við DECORANA-greiningu á hinum 12 sýnum frá 1998 koma ekki fram nein marktæk tengsl milli kornastærðardreifingar og fyrstu ásanna.

Í töflu 7 er sýndur fjöldi dýra, miðað við 20.4 cm², árin 1981 og 1998 frá stöðvunum 12, sem athugaðar voru bæði árin með notkun 0.125 mm sigtis. Munur á þessum tveimur árum er ekki mikill. Þó kemur marktækur munur fram við Mann-Whitney próf í eftirtöldum tilvikum: Flatormar (*Turbellaria*) voru greindir í allmörgum sýnum frá 1998, en ekki í neinu frá 1981 (Mann-Whitney U =42, P = 0.015), og þetta átti einnig við um sjómaura (*Halacarida*) (Mann-Whitney U =34.5, P = 0.010), svo og burstaorminn *Capitella capitata* (Mann-Whitney U =42, P = 0.015).

Þegar gerð er DECORANA greining á þessum sýnum frá árunum tveimur skýrir 1. ásinn 16.3 % af breytileikanum, 2. ás 11.9 %, en aðrir ásar mun minna. Í nokkrum tilvikum er talsverður munur á einkunnum, sem stöðvar fá á tvo fyrstu ásana árin tvö (6. mynd), en þó virðist myndast 3 meginhópar stöðva við þessa greiningu, þ.e. stöð 3B (einkun lág á báðum ásum), stöðvar 1D, 2A, 2C, 5D, 7A, 8C, (lág einkun á 1. ás) og 1B, 5B, 4A, 4C, 6B (há einkun á 1. ás). Þessi greining fellur þó ekki ýkja vel að greiningu með TWINSPAN á dósarsýnum frá 1981. Einkun á 1. ás er oftast lægri fyrir 1998 en 1981 (10 tilvik af 12) og er þetta marktæk tilhneiging ($X^2=5.33$, P=0.02), en enga slíka tilhneigingu er að sjá á 2. ási.

3.2. Blikastaðaleira

3.2.1. Athuganir frá 1971 – 1997

Þessum athugunum er gerð ítarleg skil í sérstakri grein : “The macrofauna of the tidal flats at Blikastadir, southwestern Iceland, during a 27-year period” (Hin stærri dýr á leirum við Blikastaði, á suðvestanverðu Íslandi, á 27 ára tímabili) (Agnar Ingólfsson 1999). Útdráttur þessarar greinar fer hér á eftir í lauslegri íslenskri þýðingu:

Gerðar voru athuganir á leirum við Blikastaði nálægt Reykjavík í alls 16 skipti að haustlagi á árabílinu 1971 – 1997. Athuganirnar voru gerðar af nemendum í

sjávarvistfræði við Háskóla Íslands og kennurum þeirra. Setið í leirunum má einkenna sem fínan eða mjög fínan sand. Nokkrum tegundum fjölgaði eða fækkaði marktækt á rannsóknartímabilinu, en flestar tegundir sýndu ekki slíkar kerfisbundnar breytingar með tíma, þótt oft hafi komið í ljós verulegar sveiflur á milli ára. Sumar þær kerfisbundnu breytingar, sem vart varð við, má hugsanlega rekja til breytinga á eðli setsins, en það hefur orðið aðeins grófara á rannsóknartímanum. Í sumum tilvikum eru hinar kerfisbundnar breytingar svipaðar þeim sem orðið hafa í Vaðlahafi (Vadehavet, Wadden Sea) í Vestur Evrópu samfara ofauðgun (eutrophication) þar. Aftur á móti er næsta skólpræsi við Blikastaðaleiru, frá hinum ört vaxandi Mosfellsbæ (íbúar 1997 voru um 5200), í verulegri fjarlægð, eða um 1.5 km. Þessi rannsókn sýnir hversu varasamt getur verið að nota eina eða örfáar “vísitæmdir” sem mælikvarða á gæði umhverfisins sem og hættuna af því að bera saman lífsfélög “fyrir og eftir” án vitneskju um eðlilegar sveiflur í samfélagnum.

Að öðru leyti vísast í hjálagða skýrslu.

3.2.2. Athuganir 1998

3.2.2.1. Þekjumælingar og talningar

Niðurstöður eru í Viðauka E. Þekja þörunga er mjög lítil, og ormaskán er ekki nærri eins áberandi og víða í Leiruvogi. Lítið er af sandmöðkum.

3.2.2.2. Sýni af 50 x 50 cm reitum

Heildarniðurstöður eru sýndar í Viðauka F.

Samlokur eru sérstaklega áberandi í þessum sýnum. Þótt þau séu fá sýna niðurstöður talsverðan mun á milli Blikastaðaleiru og Leiruvogs, þegar gerður er samanburður á sýnum teknum í apríl 1998. Marktækt meira er í Blikastaðaleiru af samlokunum hjartaskel (*Cardium edule*) (Mann-Whitney $U = 42$, $P = 0.001$), hallloku (*Macoma calcareea*) (Mann-Whitney $U = 44$, $P = 0.003$) og sandskel (*Mya arenaria*) (Mann-Whitney $U = 48$, $P < 0.001$). Þótt einnig virðist verulegur munur á kræklingi (*Mytilus edulis*), í hina áttina, er sá munur ekki marktækur.

3.2.2.3. Sýni af 20 x 20 cm reitum

Heildarniðurstöður eru sýndar í Viðauka G.

Niðurstöður sýna einnig verulegan mun á milli Blikastaðaleiru og Leiruvogs, þegar borin eru saman sýni tekin í apríl 1998. Þótt sýnin séu fá reyndist marktækt meira vera í Blikastaðaleiru af burstaormunum *Malacocerus vulgaris* (Mann-Whitney $U = 36$, $P=0.011$), *Mediomastus fragilis* (Mann-Whitney $U = 43.5$, $P=0.011$), *Pectinaria granulata* (Mann-Whitney $U = 36$, $P=0.011$) og *Scoloplos armiger* (Mann-Whitney $U = 43$, $P=0.018$). Sama máli gilti um samlokurnar *Cardium edule* (Mann-Whitney $U = 36$, $P=0.011$) og *Mya arenaria* (Mann-Whitney $U = 348$, $P<0.001$). Á hinn bóginn voru ánar (Oligochaeta) marktækt algengari í Leiruvogi en í Blikastaðaleiru (Mann-Whitney $U = 2$, $P=0.007$). Í nokkrum öðrum tilvikum virðist einnig verulegur munur, þótt hann reynist ekki marktækur. Stundum er þarna nokkuð örugglega um að kenna fæð sýna úr Blikastaðaleiru í þessum samanburði. Þetta á þannig við burstaorminn *Manayunkia aestuarina*, sem er nokkuð algengur í Leiruvogi en hefur hvorki fyrr né síðar fundist í Blikastaðaleiru. Öruggt má einnig telja að mottumaðkur (*Fabricia sabella*) sé mun algengari í Leiruvogi en á Blikastaðaleiru.

Í DECORANA greiningu á 20 x 20 cm sýnum frá 1998 mynda hinar 4 stöðvar frá Blikastaðaleiru hóp, sem er vel aðskildur frá sýnum úr Leiruvogi (7. mynd). Stöðvar á leirunum báðum virðast greinast nokkuð í hópa eftir kornastærðardreifingu, þótt tengsl einkunna á fyrstu 2 ása við kornastærðardreifinguna séu óljós.

3.2.2.4. Sprautusýni

Heildarniðurstöður eru í Viðauka H.

Samsetning þessara sýna er í stórum dráttum svipuð og samsvarandi sýna frá Leiruvogi. Í nokkrum tilvikum er þó marktækur munur á milli Leiruvogs og Blikastaðaleiru. Í Blikastaðaleiru er marktækt meira af burstaormunum *Eteone longa* (Mann-Whitney $U = 40$, $P=0.010$), *Mediomastus fragilis* (Mann-Whitney $U = 43.5$,

$P=0.007$) og *Scoloplos armiger* (Mann-Whitney $U = 45$, $P=0.006$), en aftur á móti eru ánar (*Oligochaeta*) mun algengari í Leiruvogi (Mann-Whitney $U = 2$, $P=0.007$). Þessi samanburður gefur greinilega í allmörgum tilvikum svipaðar niðurstöður og þegar sýni af 20 x 20 cm reitum eru borin saman.

4. Ályktanir

4.1. Leiruvogur

Leirur í Leiruvogi eru fjölbreyttar að gerð, og er setið allt frá því að vera gljúp leðja upp í það að vera grófur sandur eða mól. Ljóst er að tegundasamsetning mótast nokkuð af setgerð. Lífmagn er greinilega meira á svæðum þar sem setið er fíngert. Tegundasamsetning virðist að öðru leyti ekki búa yfir miklum sérkennum og líkist því sem víða má sjá í leirum hérlendis (t.d. Agnar Ingólfsson 1977, 1983, Guðmundur Víðir Helgason og Arnþór Garðarsson 1989), en þær eru oftast undir talsverðum áhrifum árvatns. Engar tvær leirur eru þó eins og breytileiki innan einstakra leirusvæða oft mikill. Það sem einkum einkennir smádýralíf leirunnar í Leiruvogi er mergð hins smáa burstaorms *Manayukia aestuarina*, en þessi ormur hefur hérlendis aðeins fundist á nokkrum stöðum við innanverðan Faxaflóa, við Ísaltar aðstæður (Agnar Ingólfsson 1996). Þegar á heildina er litið getur náttúruverndargildi smádýralífs í leirunum í Leiruvogi ekki talist sérstaklega mikið.

